

Lögreglustjóri getur, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni. **23** 31. maí

2. gr.

Tölunum í 1. málsg. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir „3000 kr.“ komi: 10000 kr., í staðinn fyrir „1000 kr.“ komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir „1500 kr.“ komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðareiganda eða fjelags þarf þó ekki að vera hærri en 45000 kr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

24

31. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að sjerfræðingur skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, og

24 skrá stutta skýrslu um þau. Hann setur og reglur um, að hverju leyti
31. maí nota megji sjúk eða heilbrigð líffæri við kenslu læknaefna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

25

31. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „ $\frac{1}{2}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{2}$ af landeiganda“ í 4. gr. laganna komi: $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði, en $\frac{1}{3}$ af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.